

Nd.

## 108. Frumvarp til laga

um sóknargjöld.

Frá menntamálanefnd.

### 1. gr.

Hver maður, karl eða kona, á aldrinum 16—67 ára, heimilisfastur hér á landi eða lögskráður á íslenskt skip, skal árlega greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, kr. 3.00 á ári, í Reykjavík kr. 6.00. Gjaldskyldualdur miðast við áramót.

Gjöld þessi skal innheimta að viðbættu álagi, er nemur meðaltali gildandi vísi-tölu næsta almanaksár á undan gjaldþaga. Gjaldauki, sem nemur minna en kr. 0.50, skal niður felldur, en hækka í krónu, ef hann nemur kr. 0.50 eða meiru.

Undanþegnr þessu gjaldi til þjóðkirkjunnar eru þeir, sem teljast til utanþjóðkirkjusafnaða, er hafa löggiltan prest eða forstöðumann, enda nemi gjald þeirra til trúfélags síns hverju sinni eigi lægri upphæð en þeim hefði ella borið að greiða til þjóðkirkjunnar.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar og ekki undanþeginn gjaldi til hennar samkvæmt næstu málsgr. hér að framan, og skal þá sóknargjald hans renna í prófgjalds-  
sjóð Háskóla Íslands.

Utánþjóðkirkjumönnum ber að sýna innheimtumanni sóknargjalda skilríki fyrir því, að þeir hafi greitt sóknargjald sitt, samkvæmt 3. og 4. málsgr., ella ber þeim að greiða gjöld þessi til sóknarkirkju sinnar.

Heimilt er sóknarnefndum, samkvæmt sérstakri umsókn þar um, að undanþiggja sóknargjaldskyldu um ákveðinn tíma þá menn, er þær telja eiga við svo hág kjör að búa, að þeim sé um megn að greiða sóknargjöld sín án þess að þurfa að leita opinberrar aðstoðar eða þola skort.

### 2. gr.

Af sóknargjaldi hvers þjóðkirkjumanns renna kr. 0.50 að viðbættri verðlags-  
uppbót í sameiginlegan kirkjumálasjóð, sem er í umsjá biskups og kirkjuráðs.

Sjóði þessum skal verja til eflingar og styrktar kirkju og kristindómi landsins, og setur kirkjumálaráðherra samkvæmt tillögum biskups reglugerð um sjóðinn.

Prófastar skulu sjá um, að gjaldi þessu sé árlega skilað í kirkjumálasjóðinn.

### 3. gr.

Sóknargjald skal miða við almanaksár og greiðist þeirri kirkju eða söfnuði, þar sem gjaldandi á lögheimili í ársbyrjun, og er eindagi þess 31. marz ár hvert fyrir það ár, sem er að líða.

### 4. gr.

Nú hrökkva eigi tekjur kirkju fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknar-  
nefndar, og er henni þá rétt, að fengnu leyfi safnaðarfundar, að jafna því, sem á vantar, niður á útsvarsgreiðendur í sókninni sem hundraðsgjaldi af útsvörum. Lægra gjaldi en einni krónu skal þó sleppt.

Í þeim sóknum, þar sem söfnuður hefur eigi tekið að sér umsjón og fjárhald kirkju, er niðurjöfnun aukagjalds óheimil, nema kirkjustjórn veiti til þess sérstaka

heimild fyrir eitt ár í senn, samkvæmt rökstuddri umsókn kirkjueiganda, og skal þá jafnan í leyfisbréfinu tiltekin sú upphæð, er heimilast að jafna niður á útsvars-greiðendur.

5. gr.

Sóknargjald og niðurfjöfnunargjald samkv. 4. gr. skal hver heimilisráðandi leggja fram fyrir þá, sem lögheimili eiga hjá honum, en hann á endurkröfurétt á hendur heimilismanna sinna, og má halda gjaldinu eftir af kaupum þeirra.

Kjósi innheimtumaður sóknargjalda heldur að innheimta sóknargjald af hverjum einstökum gjaldanda, er honum það heimilt.

Fyrir þá, sem eru á sveitarframfæri, greiðist úr hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóði, ef gjaldandi hefur eigi sótt um eða fengið undanþágu frá sóknargjaldi samkv. 1. gr.

6. gr.

Prestur eða öðrum þeim, er manntal skal taka, er skylt að láta sóknarnefndum eða innheimtumönnum sóknargjalda ókeypiss í té skýrslur um manntal safnaðar til afnota við útreikning og innheimtu sóknargjalda.

7. gr.

Sóknarnefndir skulu hafa á hendi innheimtu sóknargjalda gegn 6% innheimtulaunum.

Þar, sem sóknarnefndir fela oddvitum eða innheimtumönnum þinggjalda innheimtu sóknargjalda, skulu þeir einnig innheimta gjöld utanþjóðkirkjumanna. Skulu þeir skila gjöldum þessum til kirkjufélaganna eða Háskóla Íslands, á sama hátt og skil eru gerð til þjóðkirkjusafnaðanna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu sóknargjöldin 1947 innheimt samkv. þeim.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld, svo og lög nr. 72 27. júní 1941, um breyting á þeim lögum, og önnur ákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur frumvarp þetta að beiðni menntamálaráðherra. Hafa nefndarmenn hver um sig óbundnar hendur um afstöðu til málsins. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta er fram borið samkvæmt ósk biskupsins yfir Íslandi. Þær meginbreytingar, sem í því felast frá gildandi lögum, hafa verið bornar undir Kirkjuráð Íslands, sóknarnefnd Dómkirkjusafnaðarinnar í Reykjavík svo og tollstjórnann í Reykjavík, og hafa allir þessir aðilar tjáð sig þeim fylgjandi.

Þar sem gildandi fyrirmæli um sóknargjöld eru nú allmjög á við og dreif (l. nr. 40 1909, l. nr. 29 1921 og l. nr. 72 1941), þykir einfaldara og hentara að hafa um þetta efni ein samfelld lög en að bera fram sérstakt frv. um enn nýjar breytingar á hinum eldri lögum, enda mun það tvímælaust vera ósk allra þeirra, er annast framkvæmd laganna.

Á síðari árum hefur skapast óhæfilegt ósamræmi um sóknargjöldin í landinu. Hið lögákveðna gjald, kr. 1.25 á gjaldanda, hefur engan veginn nægt til þess að mæta hinum nauðsynlegustu útgjöldum kirknanna, er stöðugt fara hækkandi. Hefur þá verið um tvær leiðir að velja:

1) Að vanrækja viðhald kirkna og kirkjumuna úr hófi fram, svo að tekjur og útgjöld gætu staðizt á.

2) Að notfæra sér heimild gildandi laga til hækkunar kirkjugjalda eða til aukaniðurjöfnunar til þess að standast hin mest aðkallandi útgjöld.

Rúmlega sextíu af söfnuðum landsins hafa valið fyrri leiðina og haldið sóknargjöldum óbreyttum til þessa, eða kr. 1.25 á mann. Må fara nærri um, hvernig efna-hagur slíkra kirkna er nú eða hvað gert muni hafa verið þeim til viðhalds, ekki sízt þegar þess er gætt, að í þessum sóknum eru gjaldendur aðeins frá 40—100, og árs-tekjur kirknanna því frá kr. 50.00 til kr. 125.00.

Aðrir söfnuðir hafa notfært sér ákvæði laganna um hækkun sóknargjalda. Í 70 sóknum er þó sóknargjaldið frá kr. 1.50—3.00. Í rúmlega 80 sóknum frá 3.00—5.00 og í tæpum 60 sóknum frá kr. 5.00—25.00.

Af þessu er tvennt harla augljóst:

1. Að í skjóli gildandi laga er sóknargjaldinu sums staðar haldið svo lágu, að engir möguleikar eru á að halda við kirkjunni og eignum hennar eða kosta sóma-samlegar tíðagerðir.

2. Að misræmið í sóknargjöldum á landinu er orðið svo stórkostlegt, að ekki verður lengur við unað, þar sem sumir gjaldendur greiða meira en tvítugfalt á við aðra til kirkju sinnar.

Til þess að bæta úr þessu misræmi og tryggja jafnframt kirkjunum í landinu viðunandi tekjur, er frv. þetta borið fram.

Megin breytingar, sem í því felast eru þessar:

1. Sóknargjaldið er ákveðið kr. 3.00, nema í Reykjavík kr. 6.00. Hækkunin í Reykjavík er ákveðin samkvæmt óskum sóknarnefndanna þar og í samráði við toll-stjóran í Reykjavík, sem telur, að innheimta gjaldanna verði hagkvæmari og einfaldari með þessu móti.

2. Gjöldin skal innheimta með meðalvísitölu kauplagsnefndar næsta almanaksár á undan gjalddaga. Þetta ákvæði er óhjákvæmilegt vegna hinnar sérstöku dýrtíðar, er nú er í landinu.

3. Gjaldskylda er aðeins látin ná til 67 ára aldurs, og er sóknarnefndum enn fremur heimilað, samkvæmt sérstakri umsókn, að undanþiggja þá menn sóknar-gjaldi, er við bág kjör eiga að búa. Er ákvæði þessi sniðin eftir hliðstæðum ákvæð-um í lögum um almannatryggingar.

4. Gert er ráð fyrir sérstökum kirkjuskatti, kr. 0.50 á gjaldanda, sem er inni-falin í sóknargjaldinu.

Skattur þessi rennur í sérstakan sjóð til eflingar og styrktar kirkju og kristin-dómi í landinu. Verður eigi hjá því komið, að kirkjan hafi árlega nokkurt fé til um-ráða í þessu skyni, svo sem kirkjur allra annarra menningarlanda. Þótti heppilegra að afla þessa fjár með lögbundnu árgjaldi en að sækja árlega um fjárveitingu á fjár-lögum, enda gjald þetta svo lágt, að engan dregur um að greiða það.

5. Felld er niður heimild sóknarnefnda og safnaðarfunda til þess að hækka eða lækka sóknargjöld fyrir eitt ár í senn að fengnu leyfi héraðsfundar, er jafnan hefur reynzt fremur óhentug og sein í framkvæmd, enda oft valdið ágreiningi.

Í þess stað eru ákvæðin um niðurjöfnun aukagjalds, þar sem lögskipaðar tekjur kirkju hrökkva eigi fyrir útgjöldum, gerð einfaldari og skýrari með því að binda þá niðurjöfnun við hundraðsgjald af útsvörum í sóknunum. Jafnframt er með hækkun sóknargjaldsins komið í veg fyrir, að til þessara ráða þurfi að grípa, nema alveg sérstaklega standi á.

Raddir hafa að vísu komið fram um það, að hagkvæmt mundi að leggja á og innheimta öll sóknargjöld sem hundraðshluta af útsvörum. Vel gæti sú leið komið til mála, og mæla með henni ýmis sanngirnisrök. Þó hefur eigi þótt fært að leggja það til hér, meðal annars vegna þess, að þar sem kirkjan er frjáls félagsskapur allra þeirra, sem henni tilheyra, sýnist rétt, að allir meðlimir hennar á vissu aldursskleiði greiði til hennar árgjald, ef þeir á annað borð eru færir um það, enda það árgjald

svo lágt, að ekki ætti að þurfa að reynast neinum mjög tilfinnanlegt eða hafa teljandi áhrif á efnahag hans eða afkomu að öðru leyti.

Hins vegar er ljóst, að væri gjaldi þessu eingöngu jafnað niður sem hundraðshluta af útsvörum, gæti svo farið, að einstakir menn þyrftu að greiða allverulegar upphæðir árlega til kirkju sinnar, og þótt segja megi, að þeir séu yfirleitt þá svo efnum búnir, að þeir væru vel um það færir, mætti þó svo fara, að þeir greiddu gjöld þessi harla ófúsir, og kynnu jafnvel sumir af þessum sökum að segja sig úr Þjóðkirkjunni.

6. Þar sem gera má ráð fyrir, að það fari mjög í vöxt, einkum í bæjum og kaup-túnum, að sóknarnefndirnar kjósi að fela innheimtu sóknargjalda innheimtumanni þinggjalda á hverjum stað, þykir rétt að setja þetta ákvæði í frv.

Er þar meðal annars leitast við að tryggja það, að meðlimir utanþjóðkirkjusafnaða komist eigi hjá því að greiða að minnsta kosti jafnhátt gjald og þjóðkirkjusafnaðarfolk, en á því mun nú vera verulegur misbrestur, t. d. í Reykjavík, að þetta gjald hafi verið innheimt, og sennilega fleiri bæjum. Enn fremur munu þessi ákvæði léttu verulega undirbúning innheimtunnar, einkum í Reykjavík, þar sem ekki þarf þá að greina á milli þjóðkirkjumanna og annarra, sem á gjaldskyldualdri eru.

Vegna brynna þarfa kirknanna í landinu á því, að þeim sé nú þegar séð fyrir auknum tekjum til þess að mæta hinum brýnustu útgjöldum, svo og til þess að koma innheimtu sóknargjalda í Reykjavík í einfaldara og skýrara form, sem ekki má dragast úr þessu, þolir frv. þetta ekki bið og þyrfti að verða að lögum svo snemma á þessu þingi, að innheimta sóknargjalda árið 1947 gæti farið fram samkvæmt ákvæðum þess.“